



Minnisblað

Efni: Kostnaður við að endurvekja næturléiðir


Frá: Skipulag/Leiðakerfi, Strætó bs.

Til: Stjórn Strætó bs.

Dagsetning: 2.7.2022

Komið hefur fram beiðni um að endurvekja næturléiðir Strætó sem lagðar voru af í byrjun Covid-tíma. Kostnaður er reiknaður út miðað við að akstur verði eins og hann var þegar leiðirnar voru lagðar af. Einungis er ekið út í hverfi en ekki í átt að miðborginni, þrjár brottfarir á hverri leið.

Akstursleið næturléiða:



Strætó bs.
Hesthals 14
110 Reykjavík
S. 540-2700
stratoto.is

Leið 111



Leið 101 – ekur frá Stjórnarráðinu (Lækjartorg B) upp Hverfisgötu – Snorrabraut og svo líkt og leið 1 ekur út á Velli í Hafnarfirði.

Leið 111 – ekur frá Hlemmi, niður Hverfisgötu, Lækjargötu og endar á Eiðisgranda.

Leið 102 – akstursleið sú sama og akstursleið leiðar 2, nema ferðin hefst við Stjórnarráðið (Lækjartorg B) og endar við Ögurharf.

Leið 103 – aksturleið sú sama og leiðar 3 frá Hlemmi og endar við Dvergabakka.

Leið 105 – akstursleið er blanda af akstursleið leiðar 12 frá Stjórnarráðinu (Lækjartorg B) að gatnamótum Reykjanesbrautar/Miklubrautar og svo akstursleið leiðar 5 frá Ártúnsbrekku að Norðlingaholti.

Leið 106 – ekur frá Stjórnarráði (Lækjartorg B) upp Hverfisgötu – Suðurlandsbraut að Kringlumýrarbraut og ekur svo líkt og leið 6 frá Miklubraut að Spöng svo ekur leiðin um Staðahverfið og endar í Háholti í Mosfellsbæ.

Kostnaður fyrir Næturleiðir 101, 111, 102, 103, 105 og 106 frá 8. júlí 2022 og út september 2022 er rúmar **22 milljónir kr.** (Sjá nánar í töflu fyrir neðan).

	Fjöldi íbúa í 400 m radíus	Kostn. frá 8. júlí út sept.
Leið 101	42.562	3 m.kr.
Leið 111	25.000	2,5 m.kr.
Leið 102	39.060	2,5 m.kr.
Leið 103	45.321	2,7 m.kr.
Leið 105	29.499	2 m.kr.
Leið 106	39.368	2,5 m.kr.
Umsjón + kynning		4 m.kr.
Öryggisgæsla		3 m.kr.
Samtals fyrir tímabilið		22,2 m.kr.

Gert er ráð fyrir að greiðsla sveitarfélaganna sé í hlutfalli við íbúafjölda. Áætlað framlag verði skv. neðangreindri töflu.

Reykavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Garðabær	Mosfellsbær	Seltjarnarnes
56,4%	16,2%	12,4%	7,7%	5,4%	1,9%
12.792.561	3.674.369	2.812.689	1.743.115	1.235.137	442.128